

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun verndarsvæðis í Andakíl í Borgarbyggð.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlinda-ráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir verndarsvæðið í Andakíl í Borgarbyggð. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013:

1. gr.

Notkun ómannaðra loftfara er óheimil á Kistufirði, út fyrir Kistuhöfða og Grjóteyrarklakk. Sama gildir um róður báta. Undanskilin banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. kafla 3.4.4. og 3.8.

2. gr.

Á varptíma, 20. apríl – 20. júlí, er umferð manna, annarra en landeigenda, á varpsvæðum fugla, eingöngu leyfð á göngustígum, sbr. kafla 3.2.2.

3. gr.

Óheimilt er að tjalda eða eiga næturstað í farartækjum innan verndarsvæðisins, sbr. kafla 3.4.4.

4. gr.

Á vegum sem eingöngu eru ætlaðir til notkunar vegna búskapar og rannsókna er óviðkomandi umferð bönnuð án leyfis landeigenda, sbr. kafla 3.5.2.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. apríl 2019.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.